

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Reykjavík 30.10.2018

Skuggasundi 1-3

101 Reykjavík

Efni: Umsögn, Sigurpáls Ingibergssonar, hagrænir hvatar og kolefnisbinding

- **Aðgerð 24: Loftslagsstefna Stjórnarráðsins**

Undirritaður fagnar því að unnið verði að loftslagsstefnu Stjórnarráðsins og innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri.

Græn skref í ríkisrekstri hófust árið 2014 og á vefsíðu verkefnisins, graenskref.is sést að um 70 af um 200 stofnunum eða þriðjungur hefur þegar hafið verkefnið. Aðeins fimm stofnanir hafa klárað að innleiða öll fimm skrefin. Þetta gengur allt of hægt. Með aðgerðaáætlun kemur vonandi meiri kraftur í innleiðinguna.

#### **Hagrænir hvatar**

Legg ég því til að þær stofnanir sem ekkert gera í sínum málum fái ekki fulla greiðslu á fjárlögum. Séu engin Græn skref uppfyllt, þá dragist 5% af upphaflegri fjárhæð. Sé eitt skref innleitt, þá dragist 4% frá og svo framvegis. Sé ekki lagaheimild fyrir þessu, þá verð lögum breytt til að regla þessi fái strax gildi.

Sama gildir um markmið um loftslagsstefnu stofnana ríkisins. Komi ekki fram áætlun, þá skal umsvifalaust draga frá 5% af upphaflegri upphæð á fjárhagsáætlun.

Til að reikna sótspor stofnana ríkisins og stjórnarráðuneytisins, þá má nýta tól „Loftslagsmæli“ sem notaður hefur verið í vinnu hjá Festu og Reykjavíkurborg til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda fyrir helstu þætti í starfsemi fyrirtækja eða stofnana.

#### **Kolefnisbinding**

Stofnanir ættu síðan að kolefnisjafna alla beina losun með viðskiptum við Kolvið, Votlendissjóðinn eða Landgræðslu ríkisins.

Við eigum aðeins eina jörð.

Virðingarfyllst,

Sigurpáll Ingibergsson